

## ALÞINGI



Morgunblaðið/Kristinn

**Íraskmál** Stuðningur íslenskra stjórnvalda við innrás Bandaríkjamanna í Írak var ræddur á Alþingi, að frumkvæði Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur.

## Samráð hefði verið heppilegra

### Kallað eftir iðrun í Íraskmálinu

**Eftir Örn Schram**  
arna@mbi.is

GEIR H. Haarde forsætisráðherra sagði á Alþingi í gær að það væri sjálfsagt rétt að betra og heppilegra hefði verið ef meira og betra samráð hefði verið haft við utanríkismálanefnd þingsins er ákveðið var að íslensk stjórnvöld styddu innrás Bandaríkjamanna og Breta í Írak árið 2003. Hann sagði hins vegar að hann teldi að ákvörðunin um stuðninginn hefði verið rétt í ljósi þeirra upplýsinga sem þá lágu fyrir.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, var málshöfjandi umræðunnar á Alþingi í fyrirsjárnartíma á Alþingi í gær. Hún vitnaði m.a. í ræðu Jóns Sigurðssonar, formanns Framsóknarflokksins, á miðstjórnarfundum Framsóknar nýverið. Þar sagði hann m.a. að ákvarðanir íslenskra stjórnvalda á sínum tíma um málefni Íraks hefðu verið rangar eða mistök. Forsendur hefðu verið rangar og ákvarðanaferlinu ábótavant. Ingibjörg Sólrún spurði forsætisráðherra hvort ekki væri kominn tími til þess að hann, fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, iðraðist ákvörðunarinnar og bædist afsökunar á henni.

Geir svaraði því m.a. til að stjórn-

völd hefðu, í sambandi við Íraskmálið, samþykkt í fyrsta lagi að leyfa yfirflug og landingar hér á landi. Auk þessa hefði Alþingi samþykkt, með sérstakri fjárveitingu, að verja 300 milljónum kr. til uppbyggingarstarfs og mannúðar- og neyðaraðstoðar í Írak. Sú fjárveiting hefði verið aðild Alþingis að málinu. „Ég tel að sú afstaða sem tekin var af hálfu íslenskra ráðamanna á þeim tíma hafi verið réttlætunleg í ljósi þeirra upplýsinga og þess sem lá fyrir um þetta mál á þeim tíma,“ sagði hann.

#### Gott að vera vitur eftir á

Ingibjörg Sólrún lét ekki þar við sitja heldur spurði ráðherra aftur að því hvort hann væri sammála Jóni Sigurðssyni. Geir sagði þá að alltaf væri hægt að vera vitur eftir á. „En ég tel að sú ákvörðun sem var tekin á þeim tíma, og við erum hér að tala um, hafi verið rétt miðað við þær forsendur sem þá lágu fyrir.“ Hann kvaðst margoft hafa tekið þetta fram á Alþingi.

„Hvort síðan hefði mátt hafa meira og betra samráð við utanríkismálanefnd, þá er það sjálfsagt rétt að það hefði verið betra og heppilegra að það hefði verið gert, en það var sem sagt ekki svo,“ sagði Geir.

# Alþingi fresti ákvörðun um gjöld á áfengi

## Mælt fyrir matarskattsfrumvarpinu á Alþingi

ÁRNI M. Mathiesen fjármálaráðherra lagði til á Alþingi í gær að þingið frestaði því að taka afstöðu til ákvæða í matarskattsfrumvarpinu svonefnda sem kveða á um lækkun virðisaukaskatts á áfengi og hækkun áfengisgjalds.

Hann sagði að tillögurnar hefðu valdið talsverðri ólgu og að þær gætu því orðið mjög umdeildar. Það væri því skynsamlegt að þingið frestaði því að taka afstöðu til þeirra.

Árni mælti fyrir matarskattsfrumvarpinu í gær en í því er m.a. kveðið á um lækkun virðisaukaskatts, þannig að öll matvara beri 7% virðisaukaskatt frá og með 1. mars nk. Auk þess er lagt til að öll vörugjöld af matvælum, öðrum en sykkri og sætindum, falli niður frá sama tíma.

Í frumvarpinu eru lagðar til fleiri

#### Í HNOTSKURN

» Í frumvarpi um breytingar á virðisaukaskatti er lagt til að vsk. af víni lækki í 7% en að áfengisgjald hækki á móti.

» Ýmsir hafa mótmælt þessum breytingum og sagt að þær leiddu til þess að ódýrt áfengi hækkaði í verði en dýrari tegundir lækkuðu.

» Ráðherra lagði til að þingið frestaði því um sinn að taka afstöðu til breytinganna.

breytingar, m.a. að virðisaukaskattur af áfengi lækki í 7% og að áfengisgjald hækki á móti. Ýmsir urðu hins vegar til þess að mótmæla þess-

um breytingum. Formaður Félags íslenskra stórkaupmanna, Andrés Magnússon, sagði til að mynda að þetta myndi leiða til þess að ódýr bjór og sterk vín hækkuðu í verði en dýrari tegundir lækkuðu.

Ráðherra sagði á Alþingi í gær að það væri rétt að tillögurnar myndu hafa í för með sér mismunandi breytingar á verði áfengis eftir tegundum. „Það er ljóst að breytingarnar geta verið umtalsverðar og greinilegt að þær hafa valdið talsverðri ólgu,“ sagði hann. Ráðherra tók fram að ekki væri gert ráð fyrir því að breytingarnar hefðu áhrif á tekjur ríkissjóðs og því væri skynsamlegt að fresta því að taka afstöðu til þeirra. Þannig gæfist tími til að fara betur yfir þær með hagsmunaaðilum og öðrum þeim sem hefðu gert athugasemdir við þær.

## Þrír nýir fá heiðurslaun listamanna

ÞRJÁTÍU manns; tuttugu karlar og tíu konur, fá heiðurslaun listamanna á næsta ári, samkvæmt tillögu menntamálanefndar Alþingis. Nema launin samtals 48 milljónum króna, en hver listamaður fær 1,6 milljónir.

Þrír listamenn bætast í hópinn frá þessu ári, en þá fengu 27 listamenn heiðurslaun. Þeir sem bætast við eru: Magnús Pálsson, Guðmundur Jónsson og Guðmunda Elíasdóttir.

Aðrir listamenn sem fá heiðurslaun frá Alþingi eru: Atli Heimir Sveinsson, Ásgerður Búadóttir, Erró, Friða Á. Sigurðardóttir, Guðbergur Bergsson, Gunnar Eyjólfsson, Hannes Pétursson, Herdís Þorvaldsdóttir, Jóhann Hjálmarsson, Jón Nordal, Jón Sigurbjörnsson, Jón Þórarinnsson, Jónas Ingimundarson, Jórunn Viðar, Kristbjörg

Kjeld, Kristinn Hallsson, Kristján Davíðsson, Matthías Johannessen, Megas, Róbert Arnfinnsson, Thor Vilhjálmsson, Vigdís Grímsdóttir, Vilborg Dagbjartsdóttir, Þorbjörg Höskuldsdóttir, Þorsteinn frá Hamri, Þráinn Bertelsson og Þuríður Pálsdóttir.

#### Hafa verið veitt frá 1944

Heiðurslaun listamanna hafa verið veitt síðan að minnsta kosti árið 1944. Engin lagaákvæði gilda um þessi laun, en menntamálanefnd þingsins hefur gert tillögu um heiðurslaunin á hverju ári og eru þau sett á fjárlög næsta árs.

Pétur H. Blöndal, þingmaður Sjálfstæðisflokks, hefur síðustu árin mótmælt þessum heiðurslaunum og greitt, einn þingmanna, atkvæði gegn þeim.

## Lagðir í einelti

SIGURJÓN Þórðarson, þingmaður Frjálslynda flokksins, hélt því fram á Alþingi í gær að forseti Alþingis legði Frjálslynda flokkinn í einelti. Sólveig Pétursdóttir, forseti þingsins, vísaði því á bug.

Sigurjón kvaddi sér hljóðs eftir að óundirbúnum fyrirsjárnartíma lauk á Alþingi og kvartaði yfir því að fyrirsjárn hans til sjávarútvegsráðherra skyldi ekki hafa verið tekin á dagskrá. Hins vegar hefði Samfylkingin verið með tvær fyrirsjárnir, Vinstri grænir eina og Framsókn eina. „Mér finnst stóruandlegt að verða vitni að því á þjóðþingi Íslendinga að einn flokkur, minnsti flokkurinn, skuli vera lagður í einelti af forseta þingsins.“ Sólveig vísaði þessu á bug. Fleiri fyrirsjárnir hefðu ekki komist á dagskrá, þrátt fyrir að beiðni um þær hefðu verið lagðar fram á undan beiðni Frjálslyndra.

# ÓBORGANLEG FERÐASAGA

Úti að aka  
Á REYKSPÚANDI KADILAKK YFIR AMERÍKU

„Ein svalasta bók ársins, testósterónið drýpur úr púströriu og mann langar bara að húkka far í flegnum bol og stuttu pilsu ... – bókið mig með í næstu ferð!“  
Bryndis Loftsdóttir / Eymundsson

★★★★★

„Spennandi hvort bíllinn kemst á leiðarenda ... það kemur allur andskotinn upp ... reynast allir vera einhver iðandi kvika og tilfinningabúnt ... mér finnst það virka ferlega vel.“  
Jón Yngvi Jóhannsson / Kastljós

„... ferðabók í fyrsta flokki ... Slástu í för með þeim – það er frábær skemmtun.“  
Sigurjón Sighvatsson kvikmyndaframleiðandi

JPV  
JPV ÚTGÁFA  
www.jpv.is

INAR KÁRASON OG ÓLAFUR GUNNARSSON



Morgunblaðið/Kristinn

**Íhugulir þingmenn** Á morgun verður fjárlagafrumvarpið til lokaumræðu.

## Lagt til að framlag til LÍN lækki á næsta ári

MEIRIHLUTI fjárlaganefndar Alþingis leggur til, við þriðju umræðu um fjárlagafrumvarp næsta árs, að gerðar verði breytingar á frumvarpinu sem nemi alls 96 milljónum kr. til lækunar útgjalda. Gert er ráð fyrir því að lokaatkvæðagreiðsla um fjárlagafrumvarpið fari fram á Alþingi á morgun, miðvikudag.

#### Lækki um 139 milljónir

Í tillögum meirihlutans er m.a. lagt til að fjárveiting til Lánasjóðs íslenskra námsmanna (LÍN) lækki um 139 milljónir frá því sem gert var ráð fyrir í upphaflegu frumvarpi. „Frá síðustu áætlun hafa

nokkrar breytingar orðið hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Umsóknunum um námslán hefur ekki fjölgað eins mikið og ráð var gert fyrir. Áætluð fjölgun námsmanna á Íslandi og erlendis er nú 3%. Gert er ráð fyrir að lánþegar verði 10.600 og útlán hækki úr 8.260 m.kr. á árinu 2006 í 9.506 m.kr. á árinu 2007 í stað 9.778 m.kr. eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Einnig hefur gengisþróun verið hagstæð,“ segir m.a. í skýringum með tillögum meirihlutans.

Samtals verða því fjáframlög ríkissjóðs til LÍN á næsta ári um 5.244 milljónir króna í stað um 5.383 milljóna króna.